

## Sveitarstjórnarfundur 1. september 2021

Miðvikudaginn 1. september 2021 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 33. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi. Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Arnlín Óladóttir, Bjarni Þórisson og Halldór Logi Friðgeirsson.

Oddviti setti fund kl. 20:00. Bjarni Þórisson ritar fundargerð á tölvu.

### Dagskrá 33. fundar:

1. Fundargerð 32. sveitarstjórnarfundar 04.07.2021
2. Fundargerðir nefnda
3. Aðrar fundargerðir
4. Alþingiskosningar 2021
5. Umsóknir um starf við Sundlaug Drangness
6. Brunavarnaáætlun sveitarfélagsins
7. Eftirlitsskýrsla frá heilbrigðiseftirliti Vestfjarða
8. Lagnaleið í Bjarnarfirði
9. Erindi vegna jarðarinnar Kleifar
10. Staða hitaveitunnar
11. Fasteignir sveitarfélagsins
12. Umsókn um leiguíbúð í hreppnum
13. Minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga
14. Bréf frá Samgöngu- og Sveitarstjórnarráðuneytinu
15. Almanavarnir og Covid 19

### Fundargerð:

#### 1. Fundargerð 33. sveitarstjórnarfundar 04.07.2021

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.

#### 2. Fundargerðir nefnda

- a. Fundur umhverfis-byggingar og skipulagsnefndar 26.08.2021  
Fundargerð lögð fram til kynningar og sveitarstjórn samþykkir lið 1. og 3. til 4. Arnlín vikur af fundi vegna vanhæfis.  
Sveitarstjórn ákveður að fresta lið 2. til næsta fundar, þar sem athugasemdir Umhverfis- skipulags og byggingarnefndar við deiliskipulaginu hafi verið að sendar til viðeigandi aðila en ekki hafi gefist tími til viðbragða við þeim.  
Borið upp og samþykkt samhljóða.  
Arnlín kemur inn á fund aftur.

#### 3. Aðrar fundargerðir

- a. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, 134 fundur heilbrigðisnefndar, 26.08.2021. Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir
- b. SÍS, 10. samráðsfundur skólateymis, fræðslustjóra og sveitarstjóra þar sem ekki eru starfandi skólaskrifstofur, 17.08.2021 Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir
- c. Samband íslenskra sveitarfélaga, 900. fundar stjórnar, 17.08.2021. Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

#### 4. Alþingiskosningar 2021

Laugardaginn 25. september næstkomandi fara fram Alþingiskosningar. Kjósendur eru á kjörskrá í því sveitarfélagi þar sem þeir eiga skráð lögheimili á viðmiðunardegi, þ.e. fimm vikum fyrir kjördag, þann 21. ágúst 2021.

Kjörskrárstofn er farinn í prentun og verður sendur til sveitarfélagsins um leið og hann kemur úr prentun. Með kjörskrárstofninum fylgja tölfræðilegar upplýsingar yfir skiptingu kynja eftir kjörstöðum og kjördeildum í sveitarfélaginu. Nú eru dálkarnir fyrir kynin orðnir þrír til samræmis við lög um kynrænt sjálfræði nr. 80/2019.

Tekin var umræða um framkvæmd kosninga og vísar málum til formanns Kjörnefndar.

#### 5. Umsóknir um starf við Sundlaug Drangsness

Kaldrananeshreppur auglýsti eftir starfi sundlaugarvörðs við Sundlaugina á Drangnesi þann 24.06.2021. Helstu verkefni eru skilgreind sem :

- Öryggisgæsla við sundlaug
- Afgreiðslustörf
- Aðstoð við viðskiptavinum
- Þrif

Hreppnum barst ein umsókn vegna umrædds starfs. Sveitarstjórn staðfestir ráðningu. Borið upp og samþykkt samhljóða.

#### 6. Brunavarnaáætlun sveitarfélagsins

Húsnæðis og Mannvirkjastofnun ítrekar að ekki liggur fyrir samþykki fyrir brunavarnaáætlun hjá sveitarfélaginu.

Slökkviliðsstjóra falið að svara erindi.

#### 7. Eftirlitsskýrsla frá heilbrigðiseftirliti Vestfjarða

Eftirlitsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða lagðar fram til kynningar og umræðu þar sem við á.

Eftirlitsskýrsla Gvendarlaugar hins góða greinir frá að laugin var tóm og því ekki hægt að taka úr henni sýni en tekið var sýni úr pottinum sem staðsettur er við hliðin á lauginni. Baðvatnið úr pottinum stenst gæðakröfur skv. reglugerð 460/2015.

Vatnsveitan á Drangnesi stenst ekki kröfur neysluvatnsreglugerðar nr. 536/2001 en búið að er hafa samband við Óskar Torfason en þörf er á að setja upp geislunartæki eða bæta frágang við brunna.

Pottarnir við fjöruna á Drangnesi standast gæðakröfur reglugerðar 460/2015 um baðstaði í náttúrunni. Kom svo í ljós að ólíklegt var að nokkur klór hafi verið í Sundlaug Drangness. Klórblöndunartæki eru ekki virk og klór settu hansvirkt í laugina. Hringt hefur verið í viðgerðarmann.

Skýrsla lögð fram til kynningar.

**8. Lagnaleið í Bjarnarfirði**

Til stendur að leggja lagnaleið að Steinholti, Odda og frístundahúsum í Bjarnarfirði en hreppnum hefur borist verklýsing frá Stoð ehf.

Verklýsing lögð fram til kynningar.

**9. Erindi vegna jarðarinnar Kleifar**

Óskað var eftir samþykki hreppsins á skiptum á 115 ha. úr landi Kleifa og hljóti hinn nýja fasteign nafngiftina Kleifar land. Jafnframt var óskað eftir umsögn sveitarstjórnar á grundvelli 13. gr. jarðalaga.

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps gerir ekki athugasemdir og veitir jákvæða umsögn. Borið upp og samþykkt samhljóða.

**10. Staða hitaveitunnar**

Oddviti fer yfir stöðu hitaveitunnar í hreppnum.  
Umræða skapaðist um stöðu mála í hreppnum.

**11. Fasteignir sveitarfélagsins**

Oddviti fer yfir stöðu fasteigna sveitarfélagsins.  
Umræða skapaðist um stöðu mála í hreppnum.

**12. Umsókn um leiguíbúð í hreppnum**

Hreppnum barst umsókn þar sem óskað var eftir leiguíbúð í hreppnum.  
Oddvita falið að bregðast við umsókn.  
Umræða skapaðist um stöðu mála í hreppnum.

**13. Minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga**

Samband íslenskra sveitarfélaga sendir frá sér minnisblað þar sem fjallað er um markmið laga um opinber fjármál þar sem stuðlað er að góðri hagstjórn og ábyrgri fjármálastjórn.

Minnisblað lagt fram til kynningar.

**14. Bréf frá Samgöngu- og Sveitarstjórnarráðuneytinu**

Bréf var sent til allra sveitarfélaga frá Samgöngu- og Sveitarstjórnarráðuneytinu þar sem greint er frá niðurstöðu Hæstaréttar, en sveitarfélögum er ekki heimilt að reikna dráttarvexti á kröfur um fasteignaskatta á því tímabili sem skuldari er í greiðsluskjóli. Bréf lagt fram til kynningar.

### **15. Almannaþarnir og Covid 19**

Sveitarstjórn fer yfir nýjustu sóttvarnarráðstafanir fyrir starfsemi sveitarfélaga og leggur nýjustu reglugerðir og leiðbeiningar fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið 21:45